

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Markmið og áherslur

- Tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar sem hér birtast taka til allra helstu þátta ríkisrekstrarins og allra stærri þjónustu- og stjórnsýslukerfa ríkisins.
- Markmið tillagnanna er einkum:
 - Að styrkja markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög næstu árin.
 - Að gera ríkisbúskapinn sjálfbæran til lengri tíma og þarf þá sérstaklega að horfa til núverandi skuldsetningar og fyrirséðrar aukningar á útgjöldum, ekki síst vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar.
 - Að bæta hagkvæmni og árangur í ríkisrekstri þannig að unnt verði að veita góða og öflugra þjónustu í samræmi við þarfir þjóðarinnar.
 - Að gera rekstur ríkisins skilvirkari og auka framleiðni.
- Hagræðingarhópurinn hefur ekki lagt áherslu á beinar niðurskurðartillögur heldur á kerfisbreytingar sem beinast að breytingum á áherslum, aðferðum og skipulagi og geta stuðlað að varanlegri hagræðingu og auknum árangri til lengri tíma.
- Komist tillögurnar til framkvæmda geta þær stuðlað að tug miljarða króna ávinningi fyrir þjóðina. Sá ávinningur getur birst í lægri fjárveitingum en einnig í aukinni og bættri þjónustu.
- Hagræðingarhópurinn hefur í starfi sínu leitað víða fanga (sjá nánar aftar í þessu skjali):
 - Skoðaðir hafa verið tugir skýrslna og greinargerða um margháttáðar breytingar sem lagðar hafa verið til á undanförunum árum.
 - Starfsmenn nefndarinnar funduðu með ráðherrum og embættismönnum þeirra.
 - Leitað var eftir tillögum og hagræðingarhugmyndum frá almenningi og bárust hátt í sex hundruð ábendingar. Margar þeirra hafa verið teknar upp í tillögum hópsins en þegar endanlegri vinnslu ábendinganna lýkur verða afmarkaðri tillögur sendar til einstakra ráðuneyta til frekari úrvinnslu.
 - Auk þess hafa ýmsir einstaklingar, starfsmenn og stjórnendur innan ríkisins, ásamt áhugasömum aðilum utan þess haft samband við hagræðingarhópinn og komið margvíslegum ábendingum á framfæri við meðlimi hópsins.
- Tillögur sem svipar til tillagna hagræðingarhópsins hafa í mörgum tilfellum verið lagðar fram áður. Það er hins vegar ekki nægilegt að leggja fram góðar tillögur og hugmyndir, það þarf að koma þeim til framkvæmda.
- Að frumkvæði einstakra ráðherra er nú þegar unnið að undirbúningi margvíslegra breytinga sem endurspeglar tillögur hagræðingarhópsins. Þær tillögur sem nú þegar eru til úrvinnslu í ráðuneytunum eru stjórnmerktar (*). Ekki er víst að útfærslan verði nákvæmlega sú sama og hópurinn leggur til en markmiðin eru þau sömu.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Almennar tillögur og forsendur	<ol style="list-style-type: none"> 1. Breytingum á stofnana- og þjónustukerfum ríkisins sem ráðist verður í á grundvelli tillagna hagræðingarhópsins skulu sett skýr fagleg og fjárhagsleg markmið. 2. Meginreglan verði sú að ákvarðanir um ný útgjöld takmarkist við það sem óhjákvæmilegt er vegna breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar, þróunar atvinnuleysis og fjárframlaga tengdum kerfisbreytingum í opinberum rekstri eða sambærilegra ástæðna. 3. Ekki verði lagt í framkvæmdir án þess að sýnt sé fram á rekstrarsparnað eða augljósa samfélagslega arðsemi. Frummat á rekstrarsparnaði og arðsemi verði á ábyrgð einstakra ráðuneyta en endanlegt mat á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytis. Þá hafi fjárlaganefnd Alþingis og Ríkisendurskoðun eftirlit með því að þessum viðmiðum verði fylgt. Dæmi um verkefni sem falla undir slíkt mat eru Hús íslenskra fræða, fangelsi á Hólmsheiði, nýr Landspítali og Náttúruminjasafn í Perlunni. 4. Ráðuneyti skulu í samstarfi við ráðherranefnd um ríkisfjármál yfirfara öll verkefni sem þau og undirstofnanir þeirra sinna og endurmeta á grundvelli núverandi stöðu ríkisfjármála. Verkefninu verði lokið fyrir framlagningu fjárlagafrumvarps 2015. 5. Fyrirliggjandi áætlanir um ný útgjöld og fjárveitingar sem hafa hækkað að raungildi frá 2008 verði endurmetnar og fjárlagaliðir færðir til þess sem þeir voru að nafnverði árið 2008 nema hægt sé að sýna fram á að brýn nauðsyn hafi verið fyrir hækkun. 6. Unnið verði skipulega að því að draga úr ríkisábyrgðum, svo sem hvað varðar Landsvirkjun, Íbúðalánasjóð og Farice. 7. Við allar breytingar á stofnanakerfi og þjónustu ríkisins verði sérstaklega horft til þess möguleika að flytja opinber störf út á land. 8. Lögð verði aukin áhersla á langtímastefnumörkun í opinberum fjármálum og sérstaklega hugað að tengslum opinberra fjármála og hagstjórnar. 9. Allir starfsmenn Stjórnarráðsins verði starfsmenn þess en ekki einstakra ráðuneyta. 10. Lög sem varða eftirlit verði endurskoðuð með það að markmiði að til eftirlits sé ekki stofnað nema af því hljótist meiri ávinningur en kostnaður. Markmið opinbers eftirlits séu skýr og mælanleg svo hægt sé að leggja mat á árangur eftirlitsins.
Alþingi og stofnanir þess	<ol style="list-style-type: none"> 11. Gerð verði úttekt á starfsemi, verklagi og kostnaði Alþingis en einnig stofnana og verkefna sem tengjast því með það sem markmið að auka hagkvæmni og draga úr kostnaði. Leitað verði samanburðar erlendis frá, m.a. með tilliti til lykilrekstrarþátta og yfirvinnuhlutfalls. Sérstaklega verði horft til vinnulags við ákvörðun fjárveitinga til Alþingis og eftirlits með fjárreiðum þess. 12. Skoðaður verði fýsileiki þess að Alþingi og Stjórnarráðið reki sameiginlega stoðþjónustu, t.d. varðandi tölvumál, skjalamál o.fl. (sjá einnig tillögu um sameiginlega stoðþjónustu Stjórnarráðsins). 13. Fyrirkomulag rannsókna og starfsemi rannsóknarnefnda verði endurmetið með tilliti til árangurs og kostnaðar. Skýrt verði hver ber fjárhagslega ábyrgð á rannsóknarnefndum og kveðið á um að samþykkja þurfi rekstraráætlun samhliða ákvörðun um rannsókn. 14. Við fyrirhugaða endurskoðun á lögum um umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun verði þess gætt að skýr skil séu milli hlutverka embættanna. 15. Skoðaðir verði kostir þess að færa reglubundna fjárhagsendurskoðun til framkvæmdarvaldsins. Hins vegar einbeiti Ríkisendurskoðun sér að almennu eftirliti með fjármálastjórn ríkisaðila auk úttekta á hagkvæmni og árangri í starfsemi ríkisins. 16. Greiðslur til stjórnmalaflokka verði endurskoðaðar samhliða endurskoðun á lögum um fjármál stjórnmalaflokka.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Forsætisráðherra og Stjórnarráðið	<ol style="list-style-type: none"> 17. Rekstur Þingvallapjóðgarðar verði sameinaður öðrum rekstri og uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða (sjá nánar tillögu í tengslum við verkefni umhverfis- og auðlindaráðherra um myndun einnar stofnunar á þessu sviði). 18. Skoða hvort viðfangsefni Umboðsmanns barna verði sameinað öðrum viðfangsefnum á sviði borgaralegra réttinda (sjá tillögu undir innanríkisráðherra). 19. Stoðþjónusta innan Stjórnarráðsins, svo sem vefmál, skjalamál, bókhald, innkaup, tölvumál, öryggismál o.fl., verði sameinuð á einum stað með það að markmiði að ná fram hagræði í rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna.* 20. Umsýsla fasteigna Stjórnarráðsins og fasteigna forsætisráðuneytisins heyri undir nýja fasteignaumsýslustofnun (sjá tillögu undir fjármála- og efnahagsráðherra). 21. Almenn afgreiðsluverkefni ráðuneyta verði flutt til annarra stofnana, svo sem sýslumanna. 22. Haft verði frumkvæði að því að sameina úrskurðarnefndir og auka hagkvæmni í störfum þeirra. Skoðuð verði hagkvæmni þess að setja á stofn sérstakan stjórnsýsludómstól.*
Utanríkisráðherra	<ol style="list-style-type: none"> 23. Utanríkisráðherra láti meta útgjaldapörf í ljósi breyttra áherslna. Sérstaklega skal metin þörf á fjölda stöðugilda innanlands og erlendis með það að markmiði að fækka stöðugildum og ná fram sparnaði.* 24. Utanríkisráðherra móti framtíðarstefnu um skipulag og vinnubrögð utanríkisþjónustunnar. Meðal annars verði horft til samspils og verkaskiptingar utanríkisráðuneytisins, annarra ráðuneyta, Íslandsstofu, Þróunarsamvinnustofnunar og sendiskrifstofa. Þróun utanríkisþjónustu nágrannalandanna verði skoðuð og leitað fyrirmynda um nýsköpun sem bætt getur hagkvæmni og árangur. 25. Bókhald og greiðsla reikninga í sendiráðum verði endurskoðuð.* 26. Utanríkisráðherra skal láta meta þörf fyrir sendiskrifstofur, umfang þeirra, og kostnað m.a. útfrá breytingum á tækni, þróun heimsviðskipta, öryggis- og varnarmála, áherslna í alþjóðastarfi, þátttöku í alþjóðastofnunum og hvar önnur hagsmunagæsla fyrir Íslands nýtist sem best. Markmið er að fækka sendiskrifstofum. 27. Gerð verði úttekt á húseignum utanríkisráðuneytisins erlendis og metið hvort þær megi selja og finna ódýrari úrræði í húsnæðismálum. 28. Umfang og starfsemi Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins verði endurmetin.* 29. Útflutningsaðstoð á vegum utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu verði endurskoðuð í samráði við fulltrúa atvinnulífsins. Jafnframt að Íslandsstofa taki við hlutverki viðskiptafulltrúa utanríkisráðuneytisins og hafi aðstöðu í sendiráðum Íslands.* 30. Framlög til þróunarmála verði endurskoðuð og nýleg hækkun dregin til baka.*

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Mennta- og menningarmálaráðherra

31. Háskólum verði fækkað með sameiningu eða samstarf milli háskóla aukið þannig að fé sem lagt er til háskólakerfisins nýtist betur. Jafnframt verði þróað samræmt rekstarform og eitt fjármögnunarlíkan fyrir alla háskóla. Kannaðir verði möguleikar á því að tengja fjármögnun við gæði náms.*
32. Samkeppnissjóðum verði fækkað og þeir stækkaðir og efldir þannig að hlutfall milli fastra fjárveitinga til rannsókna og samkeppnissjóða verði jafnara en nú er. Unnið verði að því að 50% fjármagns fari í gegnum samkeppnissjóði (tengist einnig iðnaðar- og viðskiptaráðherra).
33. Rannsóknarstofnunum verði fækkað og skipulag og rekstur þeirra einfaldaður frá því sem nú er með það að augnamiði að ná fram rekstrarhagræði og auknum gæðum í rannsóknar- og vísindastarfi. Í sambandi við breytingar á skipulagi rannsóknarstofnana verði möguleikar á því að flytja rannsóknarstofnanir undir háskólana skoðaðir (sjá nánar tillögu um endurskipulagningu rannsóknarstofnana undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra).
34. Framleiðni í menntakerfinu verði aukin með hliðsjón af tillögum OECD og verkefnastjórnar samráðsvettvangs um aukna hagsæld:
 - a. Rekstrareiningum á framhaldsskólastigi verði fækkað en jafnframt geti starfsstöðvar verið fleiri en stofnanir þar sem þess gerist þörf.
 - b. Námsárum fram að háskólanámi verði fækkað. Grunnskólastig og framhaldsskólastig verði skoðuð í samhengi og unnið að breytingunni í samvinnu við sveitarstjórnir og hagsmunaaðila. Byggðir verði hvatar inn í kerfið sem stuðla að því að nemendur ljúki námi á tilsettum tíma og tryggður sveigjanleiki milli skólastiga.*
35. Mynduð verði ein sameiginleg stjórnsýslustofnun mennta- og menningarmála og þannig sameinaðar m.a. Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun.*
36. Yfirstjórnir Náttúruvinnuáskjalasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Einars Jónssonar og Listasafns Íslands verði sameinaðar.
37. Yfirstjórnir Landsbókasafns Íslands, Kvikmyndasafns Íslands, Hljóðbókasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands verði sameinaðar.
38. Kannaðir verði möguleikar þess að sameina yfirstjórnir Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslenska dansflokksins og Íslensku óperunnar.
39. Starfsemi Ríkisútvarpsins verði endurskoðuð. Almannaþjónustu-, menningar- og öryggishlutverk stofnunarinnar verði afmarkað betur en nú er.*
40. Fjölmiðlanefnd verði lögð niður, byggt verði á fyrri lagaramma og stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni færð til Póst- og fjarskiptastofnunar.
41. Ekki verði ráðist í byggingu Húss íslenskra fræða að svo stöddu.*

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Innanríkisráðherra

42. Reglum um ákvörðun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði breytt og tyggt að þær vinni ekki gegn mögulegum sameiningum sveitarfélaga.*
43. Lögregluliðum verði fækkað í átta. Lögreglustjórn verði aðskilin frá sýslumönnum og lögreglan rekin á einum fjárlagalið sem geri betur kleift að aðlaga starfsemi lögreglu að verkefnum hverju sinni. Aðrir þættir löggæslumála verði hluti þessarar endurskipulagningar. Í því felst m.a. að Lögregluskólinn verði sameinaður ríkislögreglustjóra og Neyðarlínan sameinuð Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.*
44. Starfsemi Landhelgisgæslunnar verði skoðuð í samhengi við skipulagsbreytingar á löggæslu. Skoðað verði sérstaklega hvort rekstur skipa ríkisins flytjist einnig undir Landhelgisgæsluna.
45. Sýslumannsembættum verði fækkað í átta. Efla þarf samhliða starfsemi þeirra sem Þjónustumiðstöðva ríkisins í héraði og tafarlaust ætti að hefjast handa við að flytja til þeirra verkefni.*
46. Kannaðir verði möguleikar þess að færa verkefni frá Þjóðskrá Íslands, Útlendingastofnun o.fl. til sýslumannsembætta.
47. Kannaðir verði kostir þess að mynda sameiginlega rekstrarstofnun dómstóla sem annist fjármál, mannauðsmál og rekstur dómstólanna. Horft verði til sambærilegra stofnana á Norðurlöndum, t.d. Domstolsstyrelsen í Danmörku og Domstoladministrasjonen í Noregi.
48. Gert verði átak í því að efla upplýsingatækni til að auka skilvirkni og hagkvæmni í íslenskri stjórnsýslu. Skoðað verði hvort fýsilegt sé að umsýsla grunnskraa ríkisins verði sameinuð hjá Þjóðskrá Íslands.
49. Komið verði á fót stofnun borgaralegra réttinda með sameiningu Fjölmeningarseturs, Jafnréttisstofu, réttindagæslu fatlaðs fólks, Persónuverndarog umboðsmanns barna. Jafnframt verði skoðað hvort úrskurðanefnd um upplýsingamál ætti að vera hluti þessarar stofnunar (umrædd verkefni heyra einnig undir félags- og húsnæðismálaráðherra og forsætisráðherra).
50. Komið verði á fót stofnun neytendaverndar með sameiningu talsmanns neytenda, Neytendastofu, neytendaverndar FME og verkefnum frá umboðsmanni skuldara (umrædd verkefni heyra einnig undir fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra).
51. Valdmörk og verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins verði skoðuð með hugsanlegri sameiningu embættanna (umrædd verkefni heyra einnig undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra).
52. Endurskoðað verði fyrirkomulag við afgreiðslu beiðna frá hælisleitendum með það að markmiði að stytta afgreiðslutíma og verði í því sambandi leitað fyrirmynda frá Noregi.*
53. Refsilöggjöfinni verði breytt með það að markmiði að draga úr kostnaði við fullnustu refsinga. Í þessu sambandi verði kostir sáttameðferðar skoðaðir sérstaklega.*

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Fjármála- og efnahagsráðherra (1)

54. Rekstur Fasteigna ríkissjóðs, Framkvæmdasýslu ríkisins, jarðadeildar fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fasteigna Stjórnarráðsins verði sameinaður í eina fasteignausýslustofnun.*
55. Skrifstofa rannsóknarstofnana atvinnuveganna verði lögð niður og verkefnið færð til Fjársýslu ríkisins (umrædd verkefni heyra einnig undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra).*
56. Unnið verði að aukinni samþættingu bótakerfa og skattkerfisins og kannað hvort bótageiðslur ríkisins skuli í auknum mæli afgreiddar í gegnum skattkerfið.
57. Þörf fyrir jöfnun vegna örorku milli lífeyrissjóða verði endurmetin í ljósi áhættudreifingar með tilliti til tíðni örorku og meðallíflíka hjá sjóðsfélögum.
58. Skoðaðir verði kostir þess að sameina starfsemi embætta Ríkisskattstjóra og Tollstjóra. Sérstaklega verði horft til reynslu Dana í þessu sambandi.
59. Stjórnsýsla skattamála verði endurskoðuð, svo sem samspil verkefna embættis skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra o.fl.*
60. Skoðaðir verði kostir þess að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið.
61. Lögfestar verði meginreglur um sölu eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum er byggjast á tillögum starfshóps forsætisráðherra sem skilaði skýrslu í febrúar 2012. Jafnframt verði mótuð stefna um sölu ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum og hús- og jarðeignum þar sem eignarhlutir verða flokkaðir í þrjá flokka:
 - a. Eignarhlutir sem ekki verða seldir (t.d. vegna samfélagslegs hlutverks).
 - b. Eignarhlutir sem ekki er tímabært að selja en verða hugsanlega seldir í framtíðinni, t.d. við hagstæðari markaðsaðstæður.
 - c. Eignarhlutir sem ríkið hefur ekki hug á að eiga og eru til sölu ef rétt verð fæst.
62. Reglur um val á stjórnarmönnum verði endurskoðaðar í tengslum við eigandastefnu ríkisins í fyrirtækjum.
63. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fái aukið hlutverk við samhæfingu vinnubragða ráðuneyta við gerð þjónustusamninga og fjárhagslegra samskipta við þriðja geirann.
64. Bankasýsla ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar flutt til fjármála- og efnahagsráðuneytis.
65. Fyrirkomulag eignaumsýslu Seðlabankans verði endurskoðað.
66. Horft verði heildstætt á alla innri þjónustu ríkisins, þvert á ráðuneyti, og settar fram skýrar aðgerðir til að tryggja skilvirkt skipulag og hagræði. Meðal annars verði lögð áhersla á eftirfarandi:
 - a. Ríkið taki aðeins við reikningum á rafrænu formi.
 - b. Tekið verði upp nýtt fyrirkomulag fasteignarekstrar og framkvæmda, sem m.a. byggist á því að stofnanir greiði fulla leigu fyrir allt húsnæði sem þær nota.
 - c. Þróaðar verði aðferðir til að auðvelda fjarvinnu um allt land.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

67. Lagarammi opinberra fjármála verði styrktur, sbr. drög að frumvarpi um opinber fjármál:*
- a. Lögð verði aukin áhersla á stefnumörkun í opinberum fjármálum, sérstaklega tengsl opinberra fjármála og hagstjórnar. Í fjármálastefnu og fjármálaáætlunum verði sett afkomumarkmið sem hægt er að byggja á tölusettri fjármála-reglu sem gildir a.m.k. í eitt kjörtímabil. Lögð verði aukin áhersla á samhæfingu fjármála ríkis og sveitarfélaga.
 - b. Sett verði upp sjálfstætt fjármálaráð sem leggur mat á fjármálastefnu og forsendur hennar.
 - c. Fjárlagaliðum verði fækkað, samhliða því að ábyrgð ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga verði aukin og komið í veg fyrir umfangsmiklar breytingar í fjárlagalogum.
 - d. Dregið verði úr mörkun tekjustofna og stefnt að því að markaðir tekjustofnar heyri sögunni til.
 - e. Reikningsskil verði bætt.
 - f. Unnið verði að eflingu áætlana, fjármálastjórnar, árangursstjórnunar og gæðamála. Unnið verði að því að efla fjárhagseftirlit, áhættugreiningu og innri endurskoðun.
68. Stefnt verði að 10% hagræðingu í opinberum innkaupum:*
- a. Staða Ríkiskaupa gagnvart stofnunum og ráðuneytum verði eflað og ábyrgð forstöðumanna á innkaupum skýrð enn frekar. Haft verði markvissara eftirlit með innkaupum ríkisstofnana að hálfu ríkiskaupa og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
 - b. Notkun rammasamninga verði markvissari, m.a. með því að fækka birgjum og stytta samningstíma. Áætlanagerð um opinber innkaup verði bætt með áherslu á samhæfingu og aukin sameiginleg innkaup. Jafnframt verði tekið upp rafrænt innkaupa- og útboðsferli.
 - c. Fyrirkomulag innkaupa sveitarfélaga verði lagað að nýjum innkaupaferlum með lögum.
 - d. Skoðaðar verði leiðir til að draga ferðakostnaði með markvissari innkaupum og endurskoðun reglna á þessu sviði. Litið verði til reglna ESB í þessu sambandi.
69. Skipulag og stjórnun stofnana og fyrirtækja í ríkiseigu verði gerð markvissari:
- a. Kostir þess að setja heildstæða löggjöf um stofnanakerfi ríkisins verði kannaðir.
 - b. Sett verði viðmið um lágmarkskröfur um stærð stofnana með tilliti til fjölda starfsmanna og stjórnunarlegrar og fjárhagslegrar getu. Undanþágur verði fáar og vel afmarkaðar.
 - c. Gert verði átak í að efla yfirstjórnarhlutverk ráðuneyta gagnvart stofnunum í samræmi við IV. kafla laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands.
 - d. Eigandahlutverk gagnvart fyrirtækjum í ríkiseigu verði eflt.
 - e. Mótuð verði stjórnendastefna þar sem m.a. verði kveðið á um ábyrgð forstöðumanna og frammistöðumat.
70. Unnið verði að endurskoðun kjara- og mannauðsmála ríkisins:
- a. Hraðað verði endurskoðun laga á sviði starfsmannamála, í samráði við stéttarfélög, m.a. með það að markmiði að efla mannauðsstjórnun og auka hreyfanleika starfsfólks og stjórnenda.
 - b. Réttindi og kjör verði jöfnuð milli almenns og opinbers vinnumarkaðar. Vinnu við samræmingu lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og starfsmanna á einkamarkaði verði hraðað.
 - c. Unnið verði að breytingum á kjarasamningum til að auðvelda nauðsynlegar kerfisbreytingar í opinberri þjónustu og stutt verði við viðleitni aðila vinnumarkaðarins til að breyta aðferðum við gerð kjarasamninga.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Heilbrigðisráðherra

71. Tekin verði upp fjármögnun eftir forskrift, þ.e. notað reiknilíkan við dreifingu fjármuna til heilsugæslu og sjúkráðgjafþjónustu til landsvæða sem tekur mið af íbúafjölda, aldursamsetningu, dreifingu byggðar o.fl. slíkra þátta. Unnið verði að því að rekstrareiningar heilbrigðisstofnana verði sem hagkvæmastar og hafi forsendur til tryggja góða og örugga þjónustu.*
72. Samningskafli laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, verði virkjaður og gerðar nauðsynlegar skipulagsbreytingar á velferðaráðuneyti og stofnunum þess til að hægt sé að hrinda honum í framkvæmd. Lögð verði áhersla á að:
 - a. Greina kostnað við heilbrigðisþjónustu og veita þjónustu á því stigi sem hagkvæmast er.
 - b. Nýta möguleika til að beita útboðum í þeim tilgangi að bæta stýringu og hagkvæmni á sviði sérfræðiþjónustu.
73. Tekin verði upp þjónustustýring sem felur í sér fjárhagslegan hvata til að leita þjónustu á viðeigandi þjónustustigi. Kannað verði hvort fýsilegt er að einstaklingar skrái sig í fyrirkomulag með fullri þjónustustýringu gegn lægri greiðsluþátttöku.*
74. Greiðsluþátttaka almennings í heilbrigðisþjónustu verði endurskoðuð með það að markmiði að takmarka kostnað langveikra og hún löguð að þjónustustýringu.*
75. Skilyrtri greiðsluþátttöku lyfja verði haldið áfram og hún tekin upp í fleiri lyfjaflokkum.
76. Hafin verði markviss vinna við innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár.
77. Rekstur og starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verði endurskipulögð með það að markmiði að auka afköst. Meðal annars verði tekin upp blönduð fjármögnun með hvötum til að auka framleiðni.
78. Aðgerðaráætlun í forvörnum verði unnin á grundvelli heilsustefnu og velferðarstefnu ráðherra.
79. Eftirlit í heilbrigðisþjónustu verði endurskoðað.
80. Skoðað verði hvort hægt er að vinna meira með Norðurlöndunum í lyfjamálum, t.d. varðandi innkaup á lyfjum og yfirfara rekstur Lyfjastofnunar.*
81. Kannaðir verði möguleikar á samvinnu aðila sem sinna endurhæfingu á heilbrigðissviði.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Félags- og húsnæðismálaráðherra

82. Fæðingarorlofssjóður hjá Vinnumálastofnun, Innheimtustofnun sveitarfélaga og meginhluti starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins sameinist í eina greiðslustofu.*
83. Skoðaðir verði möguleikar á breyttri fjármögnun ríkisins þannig að sveitarfélögum sem leggja áherslu á að veita góða heimaþjónustu verði umbunað, t.d. með því að gera heildstæða samninga um greiðslur á grunni fjölda og aldursdreifingar aldraðra.
84. Greiðsluþátttaka íbúa hjúkrunarheimila verði endurskoðuð þannig að íbúar fái greiddan lífeyri eftir almennum reglum en greiði þess í stað kostnað við húsnæði, fæði og almennt heimilishald. Jafnframt verði tekinn upp sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir íbúa með takmarkaða greiðslugetu.*
85. Aðstoð við þá sem eru óvirkir á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis og örorku verði endurskoðuð til þess að gera hana skilvirkari:
- Fyrirkomulag starfsendurhæfingar verði endurmetið með það að markmiði að sama þjónusta standi öllum til boða, óháð því hvort þeir eru á vinnumarkaði eða ekki. Samhæft verði verklag aðila sem tekur á langvarandi fjarvistum fólks úr vinnu. Atvinnurekendur auki sveigjanleika og ábyrgð gagnvart starfsfólki sem hætt er við að hverfi af vinnumarkaði.
 - Bóta- og skattkerfi verði byggð upp með þeim hætti að það borgi sig að vera á vinnumarkaði. Möguleikar á endurkomu í bótakerfi verði tryggðir, reyni einstaklingur fyrir sér á vinnumarkaði. Stuðningur við börn öryrkja innan örorkukerfisins verði hluti almenns stuðnings við börn alls lágtekjufólks þannig að til verði almennt fjölskyldutryggingakerfi.
 - Tekið verði upp starfshæfnimat í stað örorkumats og fyrirkomulag bótagreiðslna endurmetið.*
 - Reglur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga verði gerðar skýrari m.t.t. lágmarksgreiðslna, makatenginga og skilyrði um virkni þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð.*
 - Lengd greiðslutímabils atvinnuleysisbóta verði stytt með hliðsjón af reynslu nágrannalanda, einkum Svíþjóðar.
86. Hætt verði við fyrirætlanir um lengingu fæðingarorlofs.*
87. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Heyrnar- og talmeinafstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskertra og daufblinda einstaklinga verði sameinaðar.*
88. Sameinuð verði verkefni á sviði tæknilegs eftirlits, þ.e. verkefni sem nú er sinnt af Vinnueftirliti ríkisins, Mannvirkjastofnun og hugsanlega einnig Geislavörnum ríkisins (umrædd verkefni heyra einnig undir heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra).
89. Sá hluti starfsemi Tryggingastofnunar sem lýtur að endurhæfingu og örorkumati, önnur starfsemi Vinnumálastofnunar en Fæðingarorlofssjóður og hluti af starfsemi Vinnueftirlits ríkisins verði sameinuð í eina vinnumálastofnun.*
90. Tekið verði upp húsnæðislánakerfi án ríkisábyrgðar og fjárhagslegur stuðningur ríkisins byggji einkum á félags- og byggðalegum sjónarmiðum. Settur verði skýr lagarammi um húsnæðislán sem stuðli að virkri samkeppni, aðgengi að lánum og fjármálastöðugleika.*

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra	<p>91. Öll stjórnýsla auðlindamála, þ.m.t. leyfisveitingar og eftirlit með auðlindanýtingu, verði sameinuð í einni stofnun. Þetta feli í sér sameiningu Orkustofnunar, Fiskistofu og veiðistjórnunarverkefna sem nú heyra undir Umhverfisstofnun. Skoðað verði í þessu samhengi hvort kvótar í landbúnaði og loftslagskvótar ættu heima í sameinaðri stofnun (umrædd verkefni heyra einnig undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra).</p> <p>92. Metin verði skilvirkni greiðslna til landbúnaðarins. Jafnframt verði skipaður starfshópur sem vinni að stefnumótun um fyrirkomulag ríkisstuðnings þar sem stefnt verði að því að efla matvælaframleiðslu samhliða því að auka framleiðni og hagkvæmni.</p> <p>93. Greiðslum til Bændasamtaka Íslands verði hætt. Búnaðarlagasamningi verði breytt þannig að áfram verði stuðningur við ákveðin verkefni og má þar t.d. nefna kornrækt, verndun búfjárstofna o.fl.</p> <p>94. Verðtilfærslum og verðmiðlun á mjólk verði hætt.*</p> <p>95. Kostnaður við innleiðingu dýraverndunarlaganna verði endurskoðaður.</p>
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra	<p>96. Fyrirkomulag stuðnings við atvinnulífið og atvinnuþróun verði breytt, þ.e. verkefni frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ferðamálastofu og þróunarverkefni Orkustofnunar verði sameinuð í eina stuðningsstofnun atvinnulífsins. Skoðaðir verði kostir þess að Matís flytjist undir sömu stofnun sem og önnur ráðgjafarstarfsemi á vegum ríkisins sem þörf er talin á að ríkið sinni og ekki er í samkeppni við fyrirtæki á markaði (umrædd verkefni heyra einnig undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra).</p> <p>97. Málefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði tekin til endurskoðunar og aukin aðkoma annarra fjárfesta, s.s. lífeyrissjóða verði könnuð.</p> <p>98. Atvinnuþróunarsjóðir, svo sem lánastarfsemi Byggðastofnunar, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, AVS og ýmsir smærri sjóðir, verði sameinaðir í einn öflugan atvinnuþróunarsjóð sem yfir fjölbreyttum fjármögnunartækjum til að styðja fyrirtæki. Aukin áhersla verði lögð á lánsábyrgðir í samvinnu við banka og tekið tillit til byggðasjónarmiða með breytilegu ábyrgðarhlutfalli eða ábyrgðargjaldi (umrædd verkefni heyra einnig undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra).</p> <p>99. Innleiddur verði grænn náttúrupassi til að greiða fyrir uppbyggingu á ferðamannastöðum.*</p> <p>100. Gerð verði heildstæð endurskoðun á fyrirkomulagi leyfisveitinga og umsagna á vegum ríkis og sveitarfélaga með einföldun að markmiði. Leyfisveitingar sem tengjast starfsréttindum og viðskiptum verði færðar á einn stað.*</p>

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

101. Vatnajökulsþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og sá hluti Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum verði sameinuð í eina þjóðgarðastofnun. Tryggð verði aðkoma hlutaðeigandi sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila að stjórnun einstakra svæða.
102. Starfsemi Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og landshlutabundinna skógræktarverkefna verði sameinuð í eina stofnun. Skoðað verði hvort rannsóknarhluti geti færst yfir til háskóla og ráðgjafarhluti til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.
103. Starfsemi Náttúrufræðistofnunar verði endurskoðuð og kannaðir kostir þess að samþætta hana sambærilegum verkefnum háskóla og náttúrustofa.
104. Verkefni Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn verði flutt undir háskóla eða sameinist náttúrustofu svæðisins.
105. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar verði færð undir Háskólann á Akureyri.
106. Unnið verði að sameiningu stjórnsýslustofnana á sviði umhverfismála, þ.e. Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar og Úrvinnslusjóðs. Umfang og verkefni verði endurskoðuð og sameinuð stofnun verði hreinræktuð stjórnsýslustofnun.
107. Starfsemi Landmælinga verði endurskoðuð og samlegðaráhrif við aðrar stofnanir könnuð.
108. Veiðimálastofnun og Hafrannsóknarstofnun verði sameinaðar í eina stofnun (umrædd verkefni heyra einnig undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra).*
109. Eftirlit á vegum Umhverfisstofnunar annars vegar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hins vegar verði einfaldað. Heilbrigðiseftirlit verði gert að sjálfstæðum skoðunarstofum eða eftirlitið fært til viðkomandi ríkisstofnana.
110. Gildistöku nýrra náttúruverndarlaga verði frestað vegna kostnaðar og leitað leiða til að endurskoða lögin með það að markmiði að draga úr kostnaði.*
111. Ný byggingareglugerð verði endurskoðuð.*

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Helstu gögn sem hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar hefur notað í vinnu sinni

- **Almenn gögn um hagræði og skilvirkni í ríkisrekstri**
 - Um 570 tölvupóstar og ábendingar frá almenningi.
 - Heimasíður ráðuneyta og stofnana á Íslandi.
 - Heimasíður erlendra ráðuneyta og stofnana, einkum á Norðurlöndunum og Bretlandi.
 - Stefnyufirlýsing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.
<http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/rikisstjorn/stefnyufirlýsing/>
 - Fjárlög undanfarinna ára. <http://www.fjarlog.is>
 - Ríkisreikningar undanfarinna ára. <http://www.fjs.is>
 - Gögn frá Ríkisendurskoðun, svo sem skýrslur um framkvæmd fjárlaga, mannauðsmál, sameiningar ráðuneyta og stofnana, úttektir á rekstri ýmissa stofnana og verkefna ríkisins o.fl.
<http://www.rikisend.is>
 - Tillögur verkefnastjórnar til samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Sérstaklega tillögur sem varða aukna framleiðni í opinbera geiranum og tengjast. m.a. sameiningum stofnana, opinberum innkaupum, heilbrigðisþjónustu, menntamálum, auknu rafrænu þjónustuframboði og aukinni atvinnuþátttöku öryrkja. <http://samradsvettvangur.is/>
 - Skýrslur og úttektir AGS á Íslandi, svo sem landsskýrslur um Ísland o.fl.
<http://www.imf.org/external/ns/search.aspx?NewQuery=country+report+Iceland&submit.x=0&submit.y=0>
 - Skýrslur frá OECD, svo sem *Economic Survey of Iceland, Government at a glance, Public governance Reviews* um önnur lönd, *Education at a glance, Health at a glance* o.fl. <http://www.oecd.org/>
 - Gögn frá Alþingi, svo sem svör ráðuneyta við fyrirspurnum, lagafrumvörp, nefndarálit, lög, þingsályktanir o.fl. <http://www.althingi.is/>
 - Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankana 2008.
<http://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/>
 - Skýrsla þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og gögn henni tengd, svo sem þingsályktun um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010.
<http://www.althingi.is/vefur/b.html>
 - Gátlisti fjármála- og efnahagsráðuneytisins við mat á verkefnum sem ráðuneyti og stofnanir sinna eða áforma að ráðast í.
http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/umbaetur_i_rikisrekstri/almennar_umbaetur/nr/7244
 - Charting a Growth Path for Iceland. Skýrsla McKinsey & Company frá 2012.
http://www.mckinsey.com/locations/copenhagen/our_work/how_we_work/~/_media/images/page_images/offices/copenhagen/iceland_report_2012.ashx
- **Gögn sem tengjast mögulegum breytingum á verkefnum einstakra ráðuneyta**
 - Skýrsla sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2009 og nefnist *Education, Research and Innovation Policy – A new direction for Iceland*.
http://www.vt.is/files/Education,%20research%20and%20innovation%20policy.%20Sk%C3%BDrsla%20Oerlendarar%20s%C3%A9rfr%C3%A6%C3%B0inefndar%20ma%C3%AD%202009_2088871179.pdf
 - Ný sýn. Tillögur um breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu.
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/ny-syn-des-2012.pdf>
 - Úttekt á breytingum á danska háskóla og rannsóknarkerfinu frá 2009. <http://fivu.dk/uddannelse-og->

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Helstu gögn sem hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar hefur notað í vinnu sinni

- [institutioner/videregaende-uddannelse/universiteter/om-universiteterne/reformer-pa-universitetsområdet-1/universitetsevalueringen-i-2009](http://www.innanrikisraduneyti.is/videregaende-uddannelse/universiteter/om-universiteterne/reformer-pa-universitetsområdet-1/universitetsevalueringen-i-2009)
- *Tillögur um sameiningu lögregluembætta.*
http://www.domsmalaraduneyti.is/media/frettir/Sameining_logregluembatta_greinargerd.pdf
 - *Tillögur um breytingar á skipan sýslumannsembætta.*
http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_um_skipulag_syslumannsembatta.pdf
 - *Skýrsla nefndar um eflingu lögreglunnar og gerð löggæsluáætlunar fyrri Ísland.*
http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur_til_althingis/2013
 - *Stefna ríkisins um upplýsingasamfélagið.* <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/Voxtur-i-krafti-netsins.pdf>
 - *Skýrsla vinnuhóps um rekstur grunnskraa ríkisins*
<http://www.ut.is/media/Skyrslur/grunnskaskyrsla.pdf>
 - *Efning sveitastjórnarstigins.* <http://www.samgonguraduneyti.is/media/sveitarefning09/egilsstadir-des09.pdf> og <http://www.samgonguraduneyti.is/media/sveitarefning09/egilsstadir-des09.pdf>
 - *Úttekt á stjórnarsýslustofnunum á velferðarsviði.*
http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_um_breytta_skipan_stjornarsylustofnana.pdf
 - *Endurskipulagning sjúkráhusþjónustu á suðvesturhorninu.*
http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Endurskipulagning_sjukrahustjonustu_a_SV.pdf
 - *Skýrsla um nýskipan almannatrygginga.* http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/VEA_Lokaskyrsla.pdf
 - *Greinargerð með frumvari til laga um sjúkratryggingar frá 2008.*
<http://www.althingi.is/altext/135/s/0955.html>
 - *Skýrsla Boston Consulting Group um umbætur í heilbrigðiskerfinu.*
http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Iceland_HCS-Final_report-short_version.pdf
 - *Tillögur um skipulag heilbrigðisþjónustu og ráðstöfun fjármuna.*
<http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/33073>
 - *Tillögur nefndar um málefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá 2009.* (Ekki aðgengileg á vef.)
 - *Heilsustefna.* <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11124/Heilsustefnan.pdf>
 - *Velferðarstefna.* <http://www.althingi.is/altext/141/s/0604.html>
 - *Samantekt á lyffjakostnaði sjúkratrygginga 2012.* <http://www.sjukra.is/media/skyrslur/Arsskyrsla-2012-Lokaeintak.pdf>
 - *Drög að frumvarpi til laga um opinber fjármál.*
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/2013/06/28/nr/16989>
 - *Skýrsla starfshóps um sölu ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum og sölu fjármála fyrirtækja í eigu ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum.* <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefingefni/skyrsla-sala-a-egnarhluta-rikis.pdf>
 - *Almenn eigandastefna ríkisins í hlutafélögum og sameignarfélögum.*
http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Almenn_eigandastefna_rikisins.pdf
 - *Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna.*
http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Tillogur_starfshops_042012.pdf

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar

Tillögur um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri

Helstu gögn sem hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar hefur notað í vinnu sinni

- *Niðurstöður könnunar á viðhorfum forstöðumanna ríkisstofnana.*
http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Starfsmannamal/forstodumenn_april_I_2012.pdf
- *Skýrslan Samhent stjórnarsýsla.* <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/lokaskyrsla-stjornarradslaganefnd.pdf>
- *Skýrsla um endurmótun stoðkerfis atvinnulífsins.*
http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Rafraen_afgreidsla/Endurskipulagning-stodkerfis-atvinnulifsins-07-12-2010.pdf
- *Skýrsla um breytta skipan umhverfisstofnana: Þjóðgarðar og friðlýst svæði.* (Ekki aðgengileg á vef.)
- *Skýrsla um breytta skipan umhverfisstofnana: Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.* (Ekki aðgengileg á vef.)
- *Greinargerð vegna stofnunar atvinnuvega- og nýsköpunar ráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis.* <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla-um-atvinnuvegaraduneyti-20-4-2011.pdf>
- *Greinargerð frá janúar 2010 vegna mats á möguleikum til frekari samþættingar við framkvæmd verkefna stofnana sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.* (Ekki aðgengilegt á vef.)
- *Hugmyndir um breytta stofnanauppbyggingu stofnana umhverfissráðuneytisins frá júní 2009.* (Ekki aðgengilegt á vef.)
- *Skýrsla Boston Consulting Group um framtíð íslenskrar ferðaþjónustu.*
<http://www.icelandictourism.is/servlet/file/store36/item699669/version1/Report%20from%20BCG%20on%20the%20Future%20of%20Tourism%20in%20Iceland.pdf>